

á nafni meistarans í byrjun verksins. (Þýsku heitin: B C A E, þau frönsku Si [bemolle] Ut La Mi = B[o] U L E [Z]). Verkið er dæmigert fyrir Carter, hlustandinn fær tæplega tilfinningu fyrir púlsi. Það er varla nokkur nóta sem byrjar og endar á sama tíma og ásamt „metrískum módulasjónum“ er síðasta hamarshöggið slegið á mjög svo nákvæma óreiðuna.

Dýrahringinn (Tierkreis, verk nr. 41 (1/2)) eftir **Karlheinz Stockhausen** er hægt að útsetja á ýmsa vegu en þó auðvitað með ýmsum skilyrðum frá tónskáldinu sjálfu. Gunnhildur og Ingólfur hafa útsett fimm af stjörnumerkjunum tólf fyrir bassaklarinettu og hörpu sem við heyrum hér. Sjálfur segir Stockhausen um verkin: „Þegar ég var að semja hverja laglínu var mér hugsað til persónuleika barna, vina og kunningja sem voru fæddir í viðkomandi stjörnumerkjum [...] Hver laglína er nú samín með öllum útreikningum og hlutföllum í samræmi við persónugerð tiltekins stjörnumerkis. Maður uppgötvar margt sameiginlegt við stjörnumerkið þegar oft er hlýtt á laglínuna, og fylgir byggingu hennar nákvæmlega.“

Toru Takemitsu var eitt þekktasta tónskáld Japana. Eftir hann liggja hundruð tónverka, tónlist í 93 kvikmyndum auk gagnrýnna skrifa um tónlist, kvikmyndir og bókmenntir. Hann var þekktur fyrir góðan hómor og einstaka vináttu meðal annars við John Cage, Morton Feldman, Oliver Knussen, Seiji Ozawa og marga aðra listamenn. Takemitsu mótaði sinn eigin stíl, dökka og dularfulla blöndu af vestrænni og austrænni tónlist og hljóðfæraskipan undir áhrifum frá Debussy, Messiaen, sérálisma og hefðbundinni japanskri tónlist.

Takemitsu skrifaði *Toward the Sea* í þremur útgáfum, þá fyrstu 1981, fyrir altflautu og gítar, önnur útgáfan kom út síðar það sama ár fyrir altflautu, hörpu og strengjasveit. Árið 1989 skrifaði Takemitsu verkið í þeirri mynd sem það er hér flutt, fyrir flautu og hörpu. Laglína altflautunnar inniheldur margar útgáfur af þriggja nótna rísandi tónhendingu sem mótuð er af bókstöfunum S-E-A, það er nóturnar es, e og a. Kaflaheiti verksins vísa í bók Herman Melville um hvalinn Moby Dick.

Giulio Castagnoli er fæddur í Róm og stundaði nám í tónsmíðum við tónlistarháskólann í Turín. Síðar stundaði hann einnig nám hjá Brian Ferneyhough í Fribourg og Franco Donatoni í Róm. Verk Castagnoli hafa hlotið fjölda viðurkenninga og eru flutt víða um heim. Hann hefur einnig skrifað ritgerðir og hlómgreiningar á samtímatónlist sem hafa verið gefnar út bæði í Þýskalandi og á Ítalíu. *Trio II* var skrifað fyrir Hollenska tríóið *Het Trio* með þá Harry Starreveld flautuleikara og Harry Sparnaay bassaklarinettuleikara í fararbroddi.

Kaffistofa safnsins er opin að tónleikum loknum
The cafeteria is open after the concert

Netútgáfa

Sumartónleikar í Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

Kristjana Helgadóttir
flauta

Ingólfur Vilhjálmsson
klarinetta

Gunnhildur Einarsdóttir
harpa



Þriðjudaginn 10. ágúst 2004 kl. 20:30

Igor Stravinsky var líklega fyrst tónskálda að semja verk fyrir flautu, hörpu og klarinettu. Verkið *Epitaph* er ekki aðeins merkilegt fyrir þessa hljóðfæraskipan heldur er það líka sérstakt meðal verka Stravinsky, því jafnframt því að það er samið eftir ströngum reglum tólf-tóna tækninnar er það líka seríalískt.

Stravinsky var mestan hluta ævinnar andsnúinn tólf-tónahreyfingunni sem barst frá Vínarborg með þá Schoenberg, Berg og Webern í fararbroddi. Það var ekki fyrr en hann hitti hljómsveitarstjórnann Robert Craft í Ameríku sem áhugi hans á tólf-tóna tónlist vaknaði.

Edison Denisov fæddist í Síberíu og lærði fyrst stærðfræði, en eftir hvatningu frá Shostakovitsj hóf hann nám í tónsmíðum við Tónlistarháskólann í Moskvu (1951–56). Denisov tilheyrði svokölluðum Sovét-avantgard-istum ásamt Sofiu Gubaidulinu og var honum vísað úr tónskáldafélagi í Sovétríkjunum vegna vest-rænna áhrifa í tónsmíðum hans.

Denisov kenndi síðar tónsmíðar í Moskvu og stofnaði félag um samtímatónlist árið 1990. Fyrir tilstilli Luciano Berio vann Denisov við *Institut de Recherche et Coordination Acoustique/Musique* (IRCAM) í París frá 1990–91.

Luciano Berio fæddist í Oneglia á Ítalíu. Hann var álitinn vera mótvægi við landa sinn Luigi Nono. Hann bar gott skynbragð á að vefa saman tæknilegar uppgötvanir og tjáningaraðferðir og fá góða útkomu. Hann var einn af stofnendum IRCAM stofnunarinnar í París. Verk Berio höfðu mikil áhrif á hljóðfæratækni og ritun samtímatónlistar. Enn í dag nota fjölmörg tónskáld verk hans sér til fyrirmyndar.

Örverkið *Autre Fois* er samið í kanonstíl og er líkt og kanon Denisov til minningar um Igor Stravinsky.

Giacinto Scelsi fór sínar eigin leiðir, neitaði ætíð að gefa upp nokkuð um sjálfan sig né vildi láta taka ljósmyndir af sér. Fyrir lok seinni heimsstyrjaldarinnar varð hann fyrir alvarlegu áfalli og dvaldi nokkur ár á sjúkrahúsi. Scelsi rakti veikindi sín til hinnar dæmigerðu tónsmíðatækni sem hann beitti á þeim tíma og þá sérstaklega til tólf-tóna aðferðarinnar.

Í *Koh-Loh* eru klarinettan og flautan svo rækilega samofin að varla er hægt að tala um *duo*. Fínustu litbrigði og önnur smáatriði eru skrifuð út (kvarttónar, víbratö o.fl.). Scelsi sagði m.a.: „Hljóð er fyrsta hreyfing stöðnunarinnar“ ... „þar er upphaf sköpunarinnar.“

Elliott Carter er fæddur í New York og hefur lifað tímana tvenna í tónlistarsögunni, var meðal annars góðvinur Varése og Ives og stundaði nám hjá Nadiu Boulanger í París 1930–35. Eftir seinni heimsstyrjöldina hafði hann endanlega tileinkað sér eigin stíl sem er fjarri „gamaldags“ tónlist Varése og Ives og vinsælla tónskálda eins og Copland.

Esprit rude/esprit doux var samið í tilefni af sextugsafmæli Pierre Boulez. Með því að nota bæði frönsku og þýsku heitin á nótunum tókst honum að impra

Efnisskrá

Igor Stravinsky 1882 – 1971	Epitaph, til minningar um Prince Max Egon zum Fürstenberg fyrir flautu, klarinettu og hörpu	1958
Edison Denisov 1929 – 1996	Canon en Memorie d'Igor Stravinsky fyrir flautu, klarinettu og hörpu	1971
Luciano Berio 1924 – 2001	Autre Fois Berceuse canonique pour Igor Stravinsky fyrir flautu, klarinettu og hörpu	1971
Giacinto Scelsi 1905 – 1988	Koh-Loh I og II fyrir flautu og klarinettu	1966
Elliott Carter f. 1908	Esprit rude/esprit doux fyrir flautu og klarinettu	1984
Karlheinz Stockhausen f. 1928	Dýrahringurinn (Tierkreis) fyrir bassaklarinettu og hörpu 2 Fiskar 7 Ljón 12 Steingeit 8 Meyja 5 Tvíburar	1974–75
Toru Takemitsu 1930 – 1996	Towards the sea III fyrir altflautu og hörpu The Night Moby Dick Cape Cod	1989
Giulio Castagnoli f. 1958	Trío II fyrir flautu, bassaklarinettu og hörpu	1986

Kristjana Helgadóttir lauk kennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1994 og burtfararprófi frá sama skóla 1995, hvoru tveggja með hæstu einkunn. Að því loknu hóf hún nám við Tónlistarháskólann í Amsterdam þar sem kennarar hennar voru Abbie de Quant og Harrie Starreveld. Hún lauk meistara-prófi 1998 og *Certificate* í samtímatónlist ári síðar. Kristjana hefur haldið fjölda tónleika bæði hérlendis og erlendis, ýmist ein eða í samleik. Hún leikur m.a. í *Trío Artis* og lék í tríói á *Myrkum músíkdögum* í Salnum í Kópavogi í febrúar síðastliðnum og skemmst er að minnast tónleika hennar með þremur öðrum flautuleikurum í Listasafni Einars Jónssonar á síðastliðinni Vetrarhátíð í Reykjavík. Kristjana hefur verið lausráðin hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá árinu 2000 og starfar einnig sem kennari og deildarstjóri við Tónlistarskóla Mosfellsbæjar.

Gunnhildur Einarsdóttir hóf nám sitt í hörpuleik hjá Elísabetu Waage við Tónlistarskólann í Reykjavík. Þaðan hélt hún til Parísar og nam einn vetur við Conservatoire Supérieur de region de Paris og annan vetur var hún við nám í London áður en hún hélt til Amsterdam. Hún lauk BA prófi *Cum laude* frá Tónlistarháskólanum í Amsterdam 2002 og Meistaraprófi vorið 2004 og var aðalkennari hennar Erika Waardenburg. Gunnhildur hefur sérhæft sig í flutningi nútímatónlistar og hefur unnið náið með mörgum tónskáldum, þar á meðal hinu virta tónskáldi japana Toshio Hosokawa. Gunnhildur er virkur meðlimur í mörgum kammerhópum, svo sem *Trío Artis*, Skandinavíska tríóinu *Norn* og Kammersveitinni *Ísafold*, og hefur komið fram víða um heim. Í júlí lék tríóið *Norn* á opnunartónleikum Nútímatónlistarhátíðarinnar í Regello á Ítalíu. Þann 15. ágúst heldur Gunnhildur einleikstónleika á tónlistarhátíðinni *Berjadagar í Ólafsfirði*.

Ingólfur Vilhjálmsson lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík 1998, BA prófi í klarinettuleik frá Tónlistarháskólanum í Utrecht 2000 og *Post-graduate* prófi frá Tónlistarháskólanum í Amsterdam 2002. Kennarar hans voru Herman Braune og Harmen de Boer. Hann stundaði einnig nám á bassa-klarinetu hjá Harry Sparnaay og Eric van Deuren. Ingólfur lauk nú í vor BA prófi í bassaklarinettuleik og hefur Meistaránám á sama hljóðfæri við Tónlistarháskólann í Amsterdam í haust. Hann hefur sótt masterclass-námskeið hjá Joseph Balogh, Karl Leister og Francois Benda. Ingólfur hefur tekið þátt í UNM-hátíðinni og frumflutt fjölmörg verk á Íslandi og Hollandi. Ingólfur er meðlimur í *Soil Ensemble* og *Wervel Windensemble* í Hollandi. Í júlí lék Ingólfur með síðarnefndu sveitinni á tónlistarhátíðinni *Gelderse Musiksommer-festival* og í október mun hann leika einleikskonsert fyrir bassaklarinettu eftir Joep Straesser með *Soil Ensemble* í Hollandi.

Kristjana Helgadóttir studied the flute with B. Wilkinson at the Conservatory of Reykjavík where she received a Docent diploma 1994 and Performance diploma 1995, both with the mark *Excellent*. She furthered her studies with Abbie de Quant at the Sweelinck Conservatorium, Amsterdam, and received a Master diploma 1998 and a Certificate diploma in modern music in 1999 - then studying also with Harrie Starreveld. Helgadóttir has given numerous concerts, solo and chamber music, in many different countries. She is a founding member of *Trio Artis*, established 2001 and *Duo +* established 2003. Helgadóttir has freelanced with the Icelandic Symphony Orchestra since 2000 and currently she is the head of the flute department at the Music school in Mosfellsbær.

Gunnhildur Einarsdóttir harpist is a 2002 *Cum laude* BA graduate and 2004 Master diploma recipient from the Amsterdam Conservatory where she studied with Erika Waardenburg. Her pre-graduate studies were at the Reykjavík Conservatory with E. Waage, at the Conservatoire Supérieur de region de Paris, and with Sioned Williams in London.

Einarsdóttir has specialized in the performance of contemporary music and has worked closely together with many composers, such as the Japanese Toshio Hosokawa. She is active in many chamber ensembles, e.g. *Trío Artis*, *Ísafold* and the Scandinavian *Norn* (Witch) and performs regularly home and abroad.

Ingólfur Vilhjálmsson, clarinet, graduated from the Reykjavík Conservatory in 1998, received a BA diploma from Utrecht Conservatory in 2000 and Postgraduate diploma from the Conservatory of Amsterdam in 2002. His main teachers were Herman Braune and Harmen de Boer. Presently Vilhjálmsson is enrolled in the Master program on the bass-clarinet at the Amsterdam Conservatory, working with Harry Sparnaay and Eric van Deuren. Vilhjálmsson has attended masterclasses with Joseph Balogh, Karl Leister and Francois Benda and participated in the Scandinavian Youth Music festival (UNM). He has premiered many compositions in Iceland and in the Netherlands.